

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 15/2020.

Reykjavík, 10.11.2020

2020110111

Efni: Innköllun á Himneskt Lífrænu Hvítu Tahini vegna varnarefnis (ethylen oxíð) sem óheimilt er að nota við framleiðslu matvæla.

Aðföng hafa, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Himneskt Lífrænt Hvítt Tahini 250 g** vegna þess að sesamfræ sem notuð voru við framleiðslu matvælnanna innihalda varnarefnið ethylen oxíð sem óheimilt er að nota við framleiðslu matvæla. Sesamfræin eiga uppruna sinn á Indlandi.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna matvælin sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki	Himneskt.
Vöruheiti	Lífrænt Hvítt Tahini.
Strikamerki	5690350060028.
Nettómagn	250 g.
Best fyrir dagsetning	31.03.2023.
Lotunúmer	L3320077.
Innflytjandi	Aðföng, Skútuvogi 7-9, 104 Reykjavík.
Dreifing	Bónus, Hagkaup og Kaupfélag Skagfirðinga.

Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreinda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í versluninni þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530 5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is).

